

Reykjavík 24.7.2020.

Úttekt á framkvæmd samnings MRN við Íslensku óperuna 2016 – 2019.

Tilurð Íslensku óperunnar.

Hjónin Helga Jónsdóttir og Sigurliði Kristjánsson kaupmaður ákváðu að andvirði dánarbús þeirra sem árið 1980 nam 3560 milljónum (gamalla) kr. skv. brunabótamati þess tíma skyldi gefið til menningarmála. Sú fjárhæð nemur um 2,5 milljörðum kr. á núvirði. 25% fjárhæðarinnar rann til að koma upp söngleikahúsi til flutnings á óperuverkum. Var á þessum tíma rætt um „gjöf aldarinnar, ef ekki allra alda“.

Íslenska óperan var stofnuð árið 1980 að frumkvæði Garðars Cortes og var markmiðið að gefa söngvurum tækifæri til þess að vinna að list sinni og að gera óperulistformið aðgengilegt fyrir íslenska áheyrendur. Fyrsta uppfærsla Óperunnar var þó árið 1979 á I Pagliacci í Háskólabíói.

Fyrsta skipulagsskrá fyrir Íslensku óperuna er frá árinu 1989 sem og skipulagsskrá fyrir Styrktarfélag og Styrktarsjóð Íslensku óperunnar (félag áhugafólks um óperu- og óperettuflutning). Samþykktir fyrir Íslensku óperuna s.e.s. frá árinu 2000 komu í stað staðfestrar skipulagsskrár frá 1989.

Fyrir gjafafé hjónanna Helgu og Sigvalda festi Óperan kaup á Gamla bíó þar sem aðsetur hennar var allt til ársins 2011 er Íslenska óperan flutti í hið nýja tónlistarhús Hörpu. Velunnarar Íslensku óperunnar og Vínafélag þess höfðu þá í um áratug beitt sér fyrir því að Óperan fengi inni í hinu nýja tónlistarhúsi enda var Gamla bíó löngu orðinn ófullnægjandi starfsvettvangur þegar horft væri til framtíðar. Einnig hafa verið kynntar hugmyndir um byggingu óperuhúss.

Stuðningur hins opinbera.

Allt frá upphafi hefur Íslenska óperan notið fjárstuðnings frá ríkinu. Fyrstu árin ákvað Alþingi árleg styrktarframlög til hennar en frá árinu 1992 hafa verið gerðir samningar milli menntamálaráðuneytisins, síðar mennta- og menningarmálaráðuneytis og Íslensku óperunnar um starfsemi hennar. Árið 1981 nam fjárstuðningurinn 150 þús. kr. en árið 2020 nemur hann 216.300.000 kr.

Elstu heimildir í skjalasafni ráðuneytisins eru frá 3. apríl 1991. Það er samkomulag menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stjórnar Íslensku óperunnar og stjórnar Styrktarfélags Íslensku óperunnar um að tryggja grundvöll óperustarfsemi á Íslandi til næstu ára. Nam samningsfjárhæðin 30 m.kr. auk 5 m.kr. framlags af fjáráukalögum ársins 1991 sem samsvarar um 168 m. kr. miðað við verðlag 2020.

Samskipti ráðuneytisins og Íslensku óperunnar hafa allt frá upphafi verið góð en borið merki erfiðrar rekstrarstöðu Óperunnar. Hafa starfshópar verið starfandi á ýmsum tímum sem falið hefur verið að skoða faglegar og rekstrarlegar forsendur og kannað verið samlegðaráhrif Íslensku óperunnar við ýmsar stofnanir á sviði lista.

Lög um opinber fjármál tóku gildi 1. janúar 2016. Markmið laganna er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála þ.e. fjármála ríkisins og fjármála sveitarfélaga. Með tilkomu laganna varð breyting á verklagi innan stjórnarráðsins, t.d. meðferð

langtímasamninga, þ.á.m. við Íslensku óperuna. Samningur ráðuneytisins við Íslensku óperuna frá árinu 2016 er gerður fyrir gildistöku hinna nýju laga um opinber fjármál.

Samningur aðila árin 2016-2019.

Samningur ráðuneytisins við Íslensku óperuna rann út í árslok 2019, árlegt framlag ráðuneytisins 2016 var 195,9 m.kr. en nam 216,3 m. kr. í lok samningstímans. Framlagið hefur hækkað á grundvelli verðlags á samningstímanum.

Íslenska óperan óskaði eftir endurnýjun samnings á árinu 2019, sbr. gr. 7,3 í samningi, „Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út“.

Ekki hefur tekist að ljúka samningsgerð við Íslensku óperuna þar sem ferli samningsgerðar á grundvelli laga um opinber fjármál hefur dregist. Þó nýr samningur hafi ekki komist á hefur Óperan fengið framlag/styrk frá ráðuneytinu fyrir árið 2020 upp á 216,3 m.kr. með vísan til fylgiritis fjárlaga 2020.

Meginmarkmið samnings voru að:

- Að gera Íslensku óperunni kleift að standa fyrir reglulegri óperustarfsemi í Hörpu með vönduðum og fjölbreyttum óperusýningum á atvinnugrundvelli.
- Að gefa landsmönnum kost á að njóta óperusýninga af ýmsu tagi og upplifa helstu óperur tónlistarsögunnar. Markmið Íslensku óperunnar er að sinna hefðbundnum óperuuppfærslum ásamt því að taka þátt í þróun listformsins með því að setja upp óperur í ferskum og nútímalegum sviðsetningum. Einnig mun Óperan koma að sviðsetningum á nýjum íslenskum óperum annað hvort á eigin vegum eða sem samstarfsverkefni eftir því sem þess er kostur.
- Markmiðið er að tónlistarflutningur og sviðssetningar sýninga séu af góðum gæðum.
- Ennfremur skal Óperan stuðla að útbreiðslu óperulistformsins eftir því sem kostur er, bæði með tónleikahaldi af ýmsu tagi auk kynninga og fræðslu á óperuforminu í þeim tilgangi að efla áhuga landsmanna á þessu listformi meðal allra aldurshópa ekki síst meðal yngri kynslóðarinnar.
- Íslenska óperan skal einkum vera vettvangur fyrir íslenska óperusöngvara og sviðslistamenn svo þeir geti notað menntun sína og hæfileika á innlendum vettvangi.
- Óperan hefur einnig á stefnuskránni að kalla til listamenn, tónlistarmenn sem og aðra sviðslistamenn eftir því sem tók eru á, til þess að miðla íslenskum listamönnum og áhorfendum af reynslu sinni og veita nýjum og ferskum straumum inn í íslenskt óperu- og listalíf.

Starfsemi skv. samningi:

Samkvæmt samningi skal íslenska óperan:

- Setja upp tvær óperusýningar á ári, auk minni verkefna og tónleika af ýmsu tagi.
- Auk þessa skal Óperan leitast við að efna til samstarfsverkefna bæði við hátíðir og erlend óperuhús í þeim tilgangi að auka fjölbreytni starfseminnar, stuðla að hagræðingu í rekstri og auknum áhuga á óperulistforminu. Samstarfsverkefni þessi geta ýmist verið í formi sýninga eða tónleika, sviðsettra eða hefðbundinna.
- Einnig skal stefnt að kynningu og fræðslu um óperuformið eftir því sem við verður komið.

- Sérstök áhersla er lögð á aukið samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands bæði hvað varðar nýtingu hljómsveitarinnar í uppfærslum óperunnar og á hvern annan hátt sem komið verður við í starfseminni.

Töflur yfir fjölda uppfærslna og sýninga Óperunnar á samningstímanum ásamt samantekt á hvort listamenn í helstu hlutverkum séu íslenskir eða erlendir:

	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Uppfærslur	2	2	3	2	3
Sýningar	10	10	6	11	10+2*
Fjöldi áhorfenda	14.245	14.325	15.320	17.296	16.031
Miðasölutekjur	56.821.165	48.766.030	56.214.490	78.733.575	57.926.393

*Sýningum á Valkyrjunni

frestað

Heiti óperu	Starfsár	Frumssýning	Listrænt teymi		Hlutverk	
			Ísl.	Erl.	Ísl.	Erl.
Óperan Evgení Onegin	1.7.2016 - 30.6.2017	22.10.2016	3	3	6	2
Óperan Don Giovanni	1.7.2016 - 30.6.2017	27.2.2016	6	1	8	1
Óperan Tosca	1.7.2017 - 30.6.2018	21.10.2017	2	4	7	1
Óperan Mannsróddin	1.7.2017 - 30.6.2018	9.2.2017	4	1	2	0
Óperan Brothers	1.7.2017 - 30.6.2018	9.6.2018	1	5	4	5
Ævintýraóperan Hans og Gréta	1.7.2018 - 30.6.2019	25.11.2018	5	0	6	0
Óperan La Traviata	1.7.2018 - 30.6.2019	9.3.2019	1	7	8	2
Gamanóperan Brúðkaup Fígasós	1.7.2019 - 30.6.2020	7.9.2019	4	4	15	1

Listræn viðmið	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019	2019-2020
Fjöldi frumssýninga	2	3	3	2	3
Fjöldi nýrra verka/ frumsköpun	2	1	1	1	1
Fjöldi viðburða fyrir börn	8	3	1	5	1
Fjöldi samstarfsverkefna	2	1	1	1	1
Fjöldi verðlauna (Edda, Gríma, Tónlistarverðlaun Reumert o.s.frv.)	4	4	5	6	5
Fjöldi tilnefninga	9	7	7	8	8

Óperan hefur staðið fyrir 12 uppfærslum frá árinu 2015 sem er meira en samningur kveður á um en á starfsárinu 2017 – 2018 voru sett upp 3 verk sem og 2019 – 2020.

Samsetning íslenskra og erlendra listamanna í helstu hlutverkum í óperum á samningstímanum er þannig að Íslendingar eru í miklum meirihluta. Erlendir listamenn eru einum fleiri í Óperunni Brothers eftir Daníel Bjarnason sem unnið var í samstarfi við Den Jyske Opera og Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík. Því má segja að í 75% tilfella eru Íslendingar í meirihluta, 12,5% jafnt og 12,5% þar sem erlendir listamenn eru fleiri.

Ef skoðuð er skipan í hlutverk sem flokkast undir listrænt teymi, sem er hljómsveitarstjóri, leikstjóri, leikmyndahönnuður, búningahönnuður, myndbandshönnuður, danshöfundur og aðstoðarleikstjóri þá má sjá að í þremur óperum af átta eru Íslendingar í meirihluta eða 37,5%. Í tveimur óperum er sami fjöldi íslenskra og erlendra listamanna eða 25% og í þremur óperum eru erlendir listamenn fjölmennari eða 37,5%. Sjá nánar í töflunni hér að framan.

Miðað við ofangreint má draga þá ályktun að markið samningsins um að Íslenska óperan skuli einkum vera vettvangur fyrir íslenska óperusöngvara og sviðslistamenn svo þeir geti notað menntun sína og hæfileika á innlendum vettvangi hafi náðst. Einnig það markmið að Íslenska óperan kalli til listamenn, tónlistarmenn sem og aðra sviðslitamenn eftir því sem tæk er á, til að miðla íslenskum listamönnum og áhorfendum af reynslu sinni og veita nýjum og ferskum straumum inn í íslenskt óperu- og listalíf.

Á samningstímanum hefur Óperan einnig haldið úti hádegistónleikaröðinni Kúnstþása en aðgangur að þeim er ókeypis. Það sem af er árinu 2020 hafa tvennir slíkir tónleikar farið fram en þeir voru 7 árin 2019 og 2018 og 6 árið 2017. Einnig voru haldnir a.m.k. 5 aðrir tónleikar á vegum Óperunnar síðan 2018.

Þá hefur Óperan reglulega sýnt valdar sýningar á Opera Vision, streymisveitu Opera Europa. Á heimasíðu Óperunnar er birt reglulega Aría dagsins ásamt öðrum myndböndum undir heitinu Tjaldið fellur.

Hjá Íslensku óperunni starfa fimm starfsmenn auk óperustjóra sem bæði er listrænn stjórnandi og framkvæmdastjóri. Allir listamenn og listrænt teymi er ráðið til einstakra verkefna. Árið 2016 – 2017 voru lausráðnir starfsmenn 180, aftur á móti voru þeir 310 fyrir sýningarárið 2017 – 2018 og alls voru lausráðnir starfsmenn 250 fyrir árið 2018 -2019. Þar af voru erlendir listamenn níu fyrir árin 2016 – 2018 en alls átta fyrir sýningarárið 2018 – 2019.

Sú meginbreyting hefur orðið í starfsemi Óperunnar á samningstíma að umfang viðburða hefur orðið viðameira á síðustu árum. Samstarfsverkefnum hefur fjölgað sem skapar fleiri störf og jafnframt hefur aðsókn aukist vegna eftirspurnar eftir þeim sýningum sem boðið er upp á. Hefur sýnileikinn aukist í samræmi við það.

Í samningi aðila er kveðið á um að Íslenska óperan eigi að vera vettvangur fyrir íslenska óperusöngvara og sviðslistamenn svo þeir geti notað menntun sína og hæfileika á innlendum vettvangi. Íslenska óperan er eini vettvangurinn þar sem íslenskir óperusöngvarar geta tekið þátt í óperuuppfærslum í fullri stærð hérlandis þar sem ekki er um aðra óperustarfsemi að ræða af þessari stærðargráðu á landinu. Það má því segja að uppfærslur Óperunnar séu atvinnuskapandi fyrir innlenda listamenn.

Síðan Óperan var stofnuð hafa verið settar upp fjölmargar uppfærslur bæði á meistaraverkum óperubókmenntanna og nýrri verk, en íslenskir flytjendur hafa alltaf verið í miklum meirihluta. Erlendir listamenn hafa einnig unnið með óperunni bæði sem flytjendur og listrænir stjórnendur.

Vert er að taka fram að Íslenska óperan hefur staðið fyrir nánast allri óperustarfsemi í landinu frá 1980 og fagnar 40 ára afmæli í ár. Á þessum 40 árum hefur mikið vaxtar- og þroskaferli átt sér stað, en mikil þekking, reynsla og tengslamyndun hefur skapast á liðnum árum, sem mikil verðmæti eru í.

Á samningstíma hafa uppfærslur Óperunnar fengið góða dóma bæði innanlands sem og í erlendum fagttimaritum og sýningar hennar þykja standast alþjóðlegan samanburð.

Fyrirliggjandi er stefna Íslensku óperunnar 2017 – 2021.

Af ofangreindum upplýsingum er ljóst að öllum markmiðum samnings hefur verið náð.

Rekstur

Í 2 gr. samningsins segir að framlag ráðuneytisins til samnings þessa er 195,9 m.kr. árið 2016 og gert er ráð fyrir að árlegt framlag verði 200,4 m.kr. á árunum 2017, 2018 og 2019. Ekki kemur fram í samningnum að árlegt framlag taki verðlagsbreytingum. Ráðuneytið hefur reynt að verðlagsbæta árlegt framlag þar sem stærsti hluti gjalda Íslensku óperunnar er leigukostnaður sem tekur neysluverðsbreytingum og launagreiðslur sem breytast samkvæmt kjarasamningum. Greiðslur á samningstímanum hafa verið:

- Árið 2016 er framlag 195,9 m.kr.
- Árið 2017 er framlag 202,6 m.kr.
- Árið 2018 er framlag 214,9 m.kr.
- Árið 2019 er framlag 216,3 m.kr.

Rekstur Íslensku óperunnar hefur gengið erfiðlega á samningstímabilinu þrátt fyrir ýmsar aðgerðir sem gripið hefur verið til. Þegar samningur við Íslensku óperunna var endurnýjaður 2016 til þriggja ára var ársreikningur starfsárið 2014-2015 fyrirliggjandi. Starfsár Íslensku óperunnar er frá 1.7 – 30.6. Ársreikningur sýndi að veltufjárhlutfallið var 2,61, eigið fé jákvætt þó reksturinn hafi sýnt halla. Til stóð að vinna á tapinu m.a. með endurskipulagningu og hagræðinu í rekstri og með auknum framlögum frá fyrirtækjum í atvinnulífinu. Þetta endurspegladist svo í rekstrarstefnu sem lögð var fram í stefnumótunavinnunni sem Íslenska óperan fór í á starfsárinu 2016-2017.

Íslenska Óperan 1.7.2014-30.6.2019

Lykiltölur:	2015-2016	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Endurskoðaður ársreikningur	já	Já	já	já
Tekjur	260.051.174	245.699.885	301.938.075	309.313.848
Gjöld	-313.631.732	-255.969.776	-294.648.934	-332.388.782
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	147.197	-3.853.757	-2.614.333	-2.422.238
Hagnaður/Tap	-53.433.361	-14.123.648	4.674.808	-25.497.172
Fastafjármunir	1.539.947	1.382.376	1.248.439	3.183.032
Handbært fé	311.818	91	1.840.776	1.202.153
Veltufjármunir	4.672.650	5.520.735	10.104.141	20.894.130
Skammtímaskuldir	36.748.288	51.562.450	49.764.293	84.803.015
Veltufjárhlutfall	0,13	0,11	0,20	0,25
Eigið fé	-30.535.691,00	-44.659.339,00	-38.411.713,00	-63.908.885,00

Aths. Ársreikningur fyrir 2016-2017 og ársreikningur fyrir 2017-2018 stemma ekki fyrir 1.7.2016-30.6.2017, þ.e. Ekki sömu: veltufjármunir, skammtímaskuldir né eigið fé. Eignir skv. ársreikningi 2016-2017 eru 6.903.111 en skv. ársreikningi 2017-2018 6.756.674, mismunur 146.437,-

Starfsár 2015-2016 var fimmta starfsár í sögu Íslensku óperunnar síðan hún flutti í Hörpu og 37. starfsár hennar frá stofnun. Fram kemur í ársskýrslu óperustjóra að Íslenska óperan hafi borgað með starfseminni í Hörpu af því fé sem fékkst fyrir söluna á Gamla bíó á sínum tíma en það fé væri uppurið svo nú væri mikilvægt að gera langtímaáætlanir sem miði að því að samræma listræn og rekstraleg plön svo þau geti haldist í hendur og styrkja þannig starfsgrundvöll Íslensku óperunnar. Í ársreikningi kemur fram að unnið hafi verið markvisst að því að tryggja fjárhagslegan grundvöll stofnunarinnar og þar hafi nokkur mikilvæg markmið náðst s.s. endurnýjun samnings um hækkun á ríkisframlagi, endurnýjun á samningi við Hörpu til næstu ára sem felur í sér möguleika á aukinni notkun á húsinu og einnig standi yfir aðgerðir sem miða að því að fá styrki frá fyrirtækjum í atvinnulífinu.

Sjá má skiptingu og þróun helstu stærða úr ársreikningum Íslensku óperunnar í töflunni hér að framan. **Upplýsingar um starfsárið 2019-2020 eru væntanlegar.**

Á fyrri hluta samningstímans lækkar árlegt rekstartap og á starfsárinu 2017-2018 skilar reksturinn afgangi. En á starfsárinu 2018-2019 er rekstur Íslensku óperunnar aftur farin að skila halla.

Ef skipting tekna er skoðuð nánar á samningstímabilinu má sjá að á starfsárinu 2014-2015 er hlutfall ríkisframlagsins af heildartekjum 72% og miðasölutekjur 28%. Engar aðrar tekjur, tekjur frá fyrirtækjum í atvinnulífinu var aflað þetta starfsár. Strax á næsta starfsári eru aðrar tekjur 3% af heildartekjum, ríkisframlag 74% og miðasölutekjur 22%. Starfsárið 2016-2017 minnka miðasölutekjur um 24,6% frá fyrra starfsári og aðrar tekjur um rúmlega 57% og hlutfall ríkisframlags af heildartekjum er orðið 81%. Starfsárið 2017-2018 virðist hafa verið mjög gott ár í öflun annarra tekna þar sem þær fimmfaldast og vera 6% af heildartekjum. Miðasölutekjur aukast einnig og hlutfall ríkisframlagsins af heildartekjum lækkar í 75%. Aukning á miðasölutekjum heldur áfram á starfsárinu 2018-2019 og nær að vera 25% af heildartekjum, aðrar tekjur lækka niður í 4% og ríkisframlagið fer niður í 71%.

Varðandi þróun gjalda á samningstímanum þá virðist fastur kostnaður lækka öll starfsárin en byrjar að hækka aftur starfsárið 2018-2019. Þetta skýrist í fyrsta lagi af því að húsnæðiskostnaður lækkar öll starfsárin og hefur lækkað um tæplega 18% frá starfsárinu 2015-2016 til starfsársins 2018-2019. Í öðru lagi lækkar fastur launakostnaður þar sem föstum starfsmönnum fækkar. Þeir voru 5 til 6 fyrstu starfsárin en á starfsárinu 2016-2017 fækkar þeim

Í 4 til 5 og starfsárið 2017-2018 eru þeir einnig 4 til 5 en á starfsárinu 2018-2019 fjölga þeim í 6. Fastur launakostnaður starfsárið 2018-2019 er rúmlega 36% hærri en starfsárið 2017-2018. Fjárveitingar til viðburða hafa verið rúmlega 50% af heildargjöldum allt samningstímabilið.

Ef veltufjármunir eru skoðaðir yfir samningstímabilið má sjá að starfsárið 2014-2015 eru þeir rúmlega 34 m.kr., lækka í rúmlega 4 m.kr. næsta starfsár á eftir og eru orðnir rúmlega 20 m.kr. starfsárið 2018-2019. Varðandi skammtímaskuldir þá hafa þær hækkað mjög mikið á samningstímabilinu, voru rúmlega 13 m.kr. starfsárið 2014-2015 og eru komnar í tæplega 85 m.kr. starfsárið 2018-2019. Fyrirgreindar breytingar valda því að veltufjárhlutfall sem var 2,61 starfsárið 2014-2015 er orðið 0,25 starfsárið 2018-2019. Almennt er talað um að veltufjárhlutfall þurfi að vera 1 eða meira til að fyrirtæki geti staðið við skuldbindingar sínar.

Eigið fé var jákvætt um 22,9 m.kr. í upphafi samningstímabilsins og er orðið neikvætt um 63,9 m.kr. starfsárið 2018-2019.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um stöðu Íslensku óperunnar fyrir starfsárið 2019-2020 og því er ekki hægt að segja til um hvort staða hennar hafi batnað eða versnað frá ársreikningi starfsárið 2018-2019. Ljóst er að fjárhagsstaða Íslensku óperunnar hefur versnað til muna á samningstímanum miðað við ársreikning fyrir starfsárið 2018-2019. Eigið fé orðið neikvætt, skuldir hafa stóraukist, föstum starfsmönnum fjölgað og veltufjárhlutfall komið langt niður fyrir einn sem þýðir að greiðslugeta þeirra til að standa við skuldbindingar sínar er mjög erfið og fjárhagsstaða þeirra ekki góð.

Breytingar á samþykktum Íslensku óperunnar

Starfsemi Íslensku óperunnar lýtur samþykktum sem um hana gilda. Breytingar á samþykktum eru teknar fyrir hjá stjórn Íslensku óperunnar og lagðar fram til kynningar á ársfundum áður en þær eru endanlega samþykktar af stjórn.

Á fundi stjórnar Íslensku óperunnar 9. október 2018 lagði formaður stjórnar Íslensku óperunnar fram tillögur um breytingar á samþykktum Óperunnar. Markmið tillagnanna var að skapa opnara umhverfi fyrir umræður og mótun starfsemi Óperunnar með því að dreifa áhrifum Vínafélags Íslensku óperunnar til fleiri aðila og að laga samþykktirnar að lögum um sjálfseignarstofnanir.

Í 4. grein samþykktar segir að stjórn Íslensku óperunnar skipi fimm menn og einn til vara, þar af skipi Vínafélag Íslensku óperunnar tvo menn og varamanninn, en stjórn hina þrjá. Lagt var til að stjórn skipi áfram hluta stjórnar en að stofnað verði fulltrúaráð, sem fái skipunarrétt Vínafélagsins. Í samræmi við þetta bættist inn í samþykktir Íslensku óperunnar ákvæði um fulltrúaráð, skipan þess og starfsemi. Fulltrúaráðið sé skipað átta aðilum sem eru tilnefndir af eftirfarandi: Íslensku óperunni (2 aðilar tilnefndir), Vínafélagi Íslensku óperunnar (2 aðilar tilnefndir), Félagi klassískra söngvara á Íslandi, Listahátíð í Reykjavík, Kór Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Að auki var lögð fram tillaga um 4. gr en þar segir: “Öll meiriháttar ákvarðanatataka svo sem kaup eða sala fasteigna, skal þó borin undir stjórn Vínafélags Íslensku óperunnar“. Tillagan var að þessi setning félli út, enda mikið ósamræmi á milli valds og framlags.

Í 8. gr segir m.a. að ef til slita á starfsemi Íslensku óperunnar komi skulu eignir varðveittar af Vínafélaginu “uns komið hefur verið á fót að nýju sambærilegri eða svipaðri starfsemi, en þá má verja eignunum til styrktar henni“. Þetta ákvæði er í bága við lög um sjálfseignarstofnanir

og er því lagt til að þetta ákvæði félli út en í staðinn kæmu ákvæði um að við slit eða sameiningu við aðra stofnun sé farið eftir ákvæðum laganna.

Stjórn Íslensku Óperunnar samþykkti einróma breytingarnar. Tekið skal fram að listrænn bakhjarl Listahátíðar í Reykjavík, sem einnig er sjálfseignarstofnun, er fulltrúaráð skipað helstu samstarfsaðilum og fulltrúum listamanna.

Athugasemdir við störf óperustjóra og skipulag sjálfseignarstofnunarinnar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur fengið send erindi á samningstímanum er varða störf óperustjóra og stjórnarskipulag Óperunnar.

1. Þann 11. október 2019 barst ráðuneytinu erindi frá Félagi Íslenskra hljómlistarmanna (FÍH) þar sem óskað var eftir fundi með ráðherra vegna málefna Íslensku Óperunnar. Þar var vakin athygli á skuldbindingum sem Íslenska óperan hefði stofnað til umfram framlög frá ráðuneytinu. Að auki voru í greinargerðinni rakin ýmis starfsmannamál þar sem fyrrgreind stéttar- og hagsmunafélög telja að brotið hafi verið á réttindum félagsmanna.

Í kjölfarið átti ráðherra nokkra fundi með fulltrúum þeirra er erindið sendu sem og með óperustjóra vegna ágreinings milli þessara aðila. Samhljómur virðist samt vera um að fara þurfi í lagfæringar á kjaramálum. Erindinu var svarað með bréfi ráðuneytisins 20. febrúar 2020.

2. Þann 13. maí 2020 sendu sjö stéttar- og fagfélög íslenskra tónlistar- og sviðslistamanna erindi til stjórnarformanns Íslensku Óperunnar í framhaldi af samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna álitamála er varða réttindi listamanna og starfsaðstæður hjá Íslensku Óperunni. Leita þau einkum svara er lýtur að nýlegum breytingum á stjórnarfyrikkomulagi Íslensku Óperunnar og skipan fulltrúaráðs hennar.

Í svari stjórnarformanns sem ráðuneytið fékk afrit af kemur fram að tilgangur breytinga á 10. gr. samþykktu um stofnun fulltrúaráðs var að skapa opnari aðgang að Óperunni og að dreifa víðar áhrifum á starfsemi hennar; að laga samþykktirnar að lögum um sjálfseignarstofnanir sem og að breyta stöðnuðu fyrirkomulagi um aðkomu Vínafélags Íslensku Óperunnar.

3. Þann 4. júní 2020 sendu sjö stéttar- og fagfélög íslenskra tónlistar- og sviðslistamanna erindi til ráðherra. Þar voru m.a. gerðar athugasemdir við nýlegar breytingar á samþykktum Óperunnar og talið að þær hafi m.a. verið gerðar til að draga enn úr möguleikum fagfólks úr óperu- og sviðslistageiranum að taka þátt í mótun starfseminnar. Meðal atriða sem koma fram eru að breyta þurfi tafarlaust samþykktum Óperunnar er varðar stjórn og fulltrúaráð, styrkja hlutverk ársfundar, tryggja áhrif og yfirsýn ráðuneytisins með því að það fái fulltrúa í stjórninni, innleiða lýðræðisleg vinnubrögð við stefnumótun með aðkomu fulltrúaráðsins og skilgreina hlutverk Vínafélags Íslensku Óperunnar og tengsl þess við hana. Þá óskuðu fulltrúar fagfélaganna eftir fundi með ráðherra til að fá tækifæri til að rökstyðja þá þætti sem í erindinu er gerð grein fyrir.

Vegna 1. og 3. liðar þykir rétt að gera grein fyrir lagalegri stöðu Íslensku Óperunnar. Íslenska óperan er sjálfseignarstofnun (ses.) og gilda um hana lög um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, nr. 33/1999. Um skyldur ráðuneytisins gagnvart stofnuninni er fjallað í samningi um ráðstöfun rekstrarframlags á fjárlögum sem gerður var 26. október 2016 og gildi til ársloka 2019. Af samningnum má ráða að

allur rekstur Íslensku óperunnar er á ábyrgð sjálfseignarstofnunarinnar, þ.m.t. fyrirkomulag starfsmannamála og samningar við birgja eins og verktaka og handritshöfunda.

Þar sem starfsemi Íslensku óperunnar er að verulegu leyti fjármögnuð með framlagi úr ríkissjóði gilda um reksturinn ýmis ákvæði um opinberan rekstur eins og ákvæði laga um opinber innkaup, nr. 120/2016 og lög um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, nr. 46/2016.

Samkvæmt framansögðu verður ekki séð að ráðuneytið beri ábyrgð á úrlausn mála milli Íslensku óperunnar og framangreindra stéttar- og hagsmunafélaga. Þá fellur starfsemi Íslensku óperunnar ekki undir yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir mennta- og menningarmálaráðherra eins og þeim er lýst í IV. kafla laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011.

Skuldbindingar Óperunnar

Langtímahugsun er ráðandi við skipulagningu listviðburða og hefur Íslenska óperan skuldbundið sig í eftirfarandi verkefni:

Nýverið styrkti ríkisstjórnin pöntun á nýrri óperu eftir Daníel Bjarnason; AGNESI. Undirbúningur hennar er hafinn en sköpunarferlið tekur u.þ.b. 3 ár. Nýja óperan verður frumflutt haustið 2023 og hafa nokkur erlend óperuhús sýnt áhuga á að taka hana til sýninga hjá sér þegar hún er fullgerð.

Afmælissýning Íslensku óperunnar er Valkyrjan eftir Wagner sem frumsýna átti í 27. maí sl. á fimmtíu ára afmæli Listahátíðar. Fresta varð sýningum vegna Kórónuveirunnar en til stendur að frumsýna um miðan ágúst nk. Valkyrjan er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Listahátíðar í Reykjavík og Íslensku óperunnar.

Íslenska óperan er með leigusamning við Hörpu til ársins 2023. Líklegt er að húsið treysti á þær tekjur sem koma frá stofnuninni í sínum rekstri.

Ný lög um sviðslistir

Ný lög um sviðslistir, nr. 165/2019 tóku gildi 1. júlí sl. Í 19. gr. laganna er kveðið á um óperustarfsemi þar sem ráðherra er heimilt að styðja sérstaklega við óperustarfsemi og gera fyrir hönd ríkissjóðs tímabundinn samning við lögaðila um fjárstuðning.

Auk þess er að finna ákvæði til bráðabirgða í 21. gr. en þar skal ráðherra fyrir 1. júlí 2020 skipa nefnd sem falið verður að gera tillögur um stofnun þjóðaróperu. Nefndin skal skila ráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok 2020. Í athugasemdum við frumvarpið í samráðsgátt stjórnvalda komu fram óskir um að staða Íslensku óperunnar yrði tryggð til lengri tíma. Hafa kostir og gallar um stofnun þjóðaróperu þegar verið kannaðir að einhverju leyti, en þarfnast ítarlegri skoðunar.

Niðurlag

Íslenska óperan ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem samningurinn tekur til og hefur Óperan uppfyllt kröfur samnings um markmið, starfsemi, fagmennsku og gæði.

Samskipti ráðuneytisins og Íslensku óperunnar hafa á samningstíma verið góð, fulltrúar ráðuneytis og Óperunnar hafa fundað að lágmarki árlega um samninginn. Skil á gögnum, ársreikningum og ársskýrslum hafa verið til fyrirmyndar og ávallt skilað á tilsettum tíma.

Íslenska óperan hefur öðlast mikilvægan sess í menningarlífi þjóðarinnar á síðustu 40 árum og hefur áunnið sér gott orðspor bæði innanlands og erlendis. Síðustu ár hefur Íslenska óperan hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir vandaðar óperuuppfærslur, sem vakið hafa alþjóðlega athygli en Íslenska óperan setur upp vandaðar og fjölbreyttar óperusýningar.

Óperuformið er dýrasta form sviðslista, frá upphafi samningsgerða hefur ekki verið gert ráð fyrir að ríkið fjármagni rekstur Íslensku óperunnar að fullu. Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 hafa þeir aðilar, sem væntingar voru um að kæmu með mótframlag, ekki staðist. Því hafa heildarframlög til Íslensku óperunnar aldrei verið nægjanleg til að standa undir því metnaðarfulla starfi sem þar er rekið.

Viðvarandi rekstrarvandi Íslensku óperunnar gerir það þó að verkum að starfsemin virðist ekki vera sjálfbær eins og stendur.

Ljóst er að gagnrýni á störf stjórnar og óperustjóra er meiri og sýnilegri en áður hefur verið og að samtal milli Íslensku óperunnar og fagfélaga á sviði tónlistar og sviðslista verða að eiga sér stað til að efla starfsemina til framtíðar litið. Aðkoma mennta- og menningarmálaráðuneytis að því er þó í lágmarki.

Mikilvægt er að fundin verði farsæl leið til þess að tryggja framtíð óperulistarinnar í samstarfi og í samráði við alla þá sem að þessu listformi koma. Nefnd sem falið verður að gera tillögur um stofnun þjóðaróperu skal skila ráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok 2020.

Byggja þarf ákvarðanir um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi um aðkomu ríkisins að óperuflutningi á nákvæmum greiningum og hagsmunamati. Á meðan niðurstaða um stofnun þjóðaróperu liggur ekki fyrir er æskilegt að beðið verði með að bjóða út óperustarfsemi þar sem við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

Komi til að ekki verði ráðist í stofnun þjóðaróperu, verði auglýst eftir rekstraraðilum fyrir óperustarfsemi og samningur gerður, sbr. 40. gr. laga nr. 123/2015 við lögaðila, félög eða stofnanir um fjárstuðning með það að markmiði að styðja sérstaklega við óperustarfsemi.